



# Leiðbeiningar um meðferð á merki Svansins á prentgripum

Aðeins prentgripir sem uppfylla kröfur um Svansmerкта prentgripi mega bera vörumerki Svansins (sjá bls. 21 – 24 í kröfum).

Ekki er heimilt að merkja prentgripi sem ekki standast þessar kröfur með vörumerki Svansins og breytir engu þar um hvort undir merkinu standi „Prentsmiðja“ í stað „Prentgripur“ eða annað.

Leyfilegt er að gefa til kynna á prentgripum sem ekki standast kröfurnar um Svansmerkta prentgrip að þeir séu prentaðir í Svansvottaðri prentsmiðju en þá án þess að nota Svansmerkið sjálf. Sé þetta gert þarf leyfisnúmer smiðjunnar að koma fram.

## Lausleg þýðing á helstu þáttum úr kröfum fyrir Svansmerкта prentgripi:

### Pappír

Minnst 90% af heildarþyngd prentgripsins skal vera samþykktur/umhverfisvottaður pappír. Minnst 80% ef um er að ræða bækur, vörulista, möppur, gormabindingar, skrifblokkir og eyðublöð.

### PVC

Hvorki prentgripurinn né umbúðir hans má innihalda PVC.

### Ilmefni (e. Fragrance)

Ilmefni má ekki setja í prentgripi sem merktir eru með Svansmerkinu (t.d. lakk með ilmefni í). Þetta á ekki við um innpökkuð vörusýnishorn með ilmefnum sem fest eru við prentgripi eða krafssýnishorn sem hægt er að taka af.

### Prentsmiðjur

Prentgripurinn skal prentaður í Svansvottaðri prentsmiðju.

### Rekjanleiki

Pöntunarseðlar fyrir Svansmerкта prentgripi skulu vera auðgreinanlegir frá öðrum pöntunarseðlum.